



Lóðarfélagið að Móhelli 4, a – e, 221 Hafnarfjörður kt. 691104-2810

www.mohella.is

Netfang: mohella@mohella.is

Hafnarfjörður, 25. apríl 2022

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri

Fyrir hönd Lóðafélagsins við Móhelli 4, óskum við undirritaðir eftir svörum við eftirfarandi erindi.

1. Nú er nýliðinn talsvert þungur snjóavetur, ekkert snjóruðningstæki frá Hafnarfjarðarbæ kom í götuna, frekar en fyrri ár, spurningin er hvernig stendur á því að þessi gata er ekki hreinsuð?
2. Við götuna Móhelli í Hafnarfirði er engin götulýsing og hefur ekki verið, spurning okkar er, hver er ástæðan og geta eigendur átt von á úrbótum eftir öll þessi ár, frá því húsin risu?
3. Engar yfirborðsvatnslagnir eru í lóðinni, getur verið að það eigi einnig við um götuna? Ef svo er, vilja Bæjaryfirvöld bregðast við þessum vanda.

Það er rétt að geta þess að eigendur að fasteignum á þessar lóð, greiða full fasteignagjöld, miðað við atvinnuhúsnæði, þrátt fyrir miklar þinglýstar takmarkanir á notkun eignanna, á þessu ári munu greiðslur vegna fasteignagjalda til Bæjarins, nema um 23 milljónum króna, stjórnin vonast eftir jákvæðum svörum fyrir næsta aðalfund Lóðafélagsins



Lóð Móhelli 4, er vel umgengin, ekki hefur okkur verið veitt viðurkenning frá Bænum

Þetta er útsýni til nágretta við Rauðhelli en þeir hafa ma. stórskemmt girðingu okkar



Miklar byggingaframkvæmdir eru í götunni, vegna nýbyggingar við Móhelli 1, gatan er undirlögð af ökutækjum og gámum, þessar framkvæmdir hafa valdið tímabundnum umferðarerfiðleikum



Nú dugar verktökunum við nýbygginguna ekki lóðin sem þeir byggja á, gangstéttar eru notaðar undir byggingaúrgang, ekki má leggja ökutækjum í götuna sbr. umferðarmerkið hægra megin, við leggjum til að bæjarfulltrúar kynni sér umgengi, sem fyrst eða starfsfólk Umhverfissviðs, sem þessi mál heyra undir.